

Póst- og fjarskiptastofnun  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2021

### Efni: Vegna breytingar á 2. mgr. 17. gr. laga um pósthjónustu

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) fer þess hér með á leit við Póst- og fjarskiptastofnun að stofnunin fylgi því eftir að Íslandspóstur ohf. geri breytingar á gjaldskrá sinni fyrir alþjónustu til samræmis við lög um breytingu á lögum um pósthjónustu og lögum um Byggðastofnun (flutningur póstmála) sem Alþingi samþykkti 13. júní sl. (hér eftir „lögin“) og taka gildi 1. júlí nk.

Samkvæmt 4. gr. laganna orðast 2. mgr. 17. gr. laga nr. 98/2019 um pósthjónustu svona eftir breytinguna:  
*„Smásölugjald fyrir bréf allt að 50 g innan alþjónustu skal vera sú sama um allt land.“*


Í nefndarálit meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar segir um breytinguna:

„Nefndin vísar til þess vanda sem upp kom á póstmarkaði í kjölfar nýrra laga um pósthjónustu, nr. 98/2019, sérstaklega hvað varðar ákvæði 2. mgr. 17. gr. laganna sem kveður á um að gjaldskrá fyrir alþjónustu skuli vera sú sama um land allt. Þá hafi hagsmunasamtök og einstök fyrirtæki tjáð sig um þær afleiðingar sem viðkomandi telja að framkvæmd laganna hafi haft á sinn rekstur. Nefndin leggur því til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að einungis verði kveðið á um að smásölugjaldskrá fyrir bréf allt að 50 g innan alþjónustu skuli vera sú sama um land allt. Er það í samræmi við ákvæði 2. mgr. 17. gr. frumvarps til laga um pósthjónustu eins það var áður en það tók breytingum í meðförum þingsins.“

Alþingi hefur því samþykkt að afnema ákvæði 2. mgr. 17. gr. núgildandi laga um pósthjónustu um að gjaldskrá fyrir alþjónustu skuli vera sú sama um land allt. Samkvæmt 13. gr. laganna taka þau gildi 1. júlí nk. og skal ákvæði 4. gr. laganna vera komið til framkvæmda *eigi síðar* en 1. nóvember nk.

Núgildandi gjaldskrá hefur haft gríðarlega slæm áhrif á önnur fyrirtæki á póstmarkaðnum enda felur hún í sér undirverðlagningu. Að mati FA hefur gjaldskráin allt frá ársbyrjun 2020 verið ólögmæt, enda gengur hún beint gegn 3. mgr. 17. gr. laga um pósthjónustu, um að gjaldskrár fyrir alþjónustu skuli taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna, að viðbættum hæfilegum hagnaði. Það er því brýnt að Póst- og fjarskiptastofnun fylgi því eftir við Íslandspóst að gjaldskránni sé breytt hið fyrsta enda engin rök fyrir að draga breytingu á langinn þó lögbundinn frestur sé til 1. nóvember. Þannig má draga úr hinum samkeppnislega skaða, sem ólögmæt gjaldskrá Íslandspósts hefur valdið.

Virðingarfyllst,  
f.h. FA



---

Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur